

## Úttekt á sjálfsmatsaðferðum í Hofstaðaskóla haustið 2008

Úttekt á sjálfsmatsaðferðum í Hofstaðaskóla var í höndum Attentus og var unnin haustið 2008. Eftirfarandi eru meginniðurstöður úttektarinnar:

### Staða sjálfsmats

---

Skrifleg og opinber verkáætlun um sjálfsmat liggur fyrir.	Já
Kerfisbundið sjálfsmat hefur farið fram.	Já
Staða sjálfsmats í skólanum.	Kerfisbundið sjálfsmat hefur farið fram á öllum helstu þáttum skólastarfsins
Sjálfsmatsskýrsla hefur verið gefin út.	Já

---

### Sjálfsmatsaðferðir

Eftirfarandi eru niðurstöður varðandi það hvort sjálfsmatskerfi skólans uppfylli þau viðmið sem menntamálaráðuneytið hefur sett um sjálfsmatsaðferðir.

---

<b>Sjálfsmatskerfið telst:</b>	
Formlegt	Já
Altækt	Já
Áreiðanlegt	Já
Samstarfsmiðað	Já
Umbótamiðað	Já
Árangursmiðað	Já
Stofnanamiðað	Já
Einstaklingsmiðað	Já
Lýsandi	Já
Greinandi	Já
Opinbert	Já

---

## Heildarniðurstaða

---

Samkvæmt viðmiðum ráðuneytisins	
teljast sjálfsmatsaðferðir skólans:	Fullnægjandi
Framkvæmd sjálfsmatsins telst:	Fullnægjandi

---

## Greinargerð úttektaraðila

Kerfisbundið sjálfsmat hefur farið fram í Hofstaðaskóla frá 2007 og til er skrifleg verkáætlun og sjálfsmatsskýrsla. Hofstaðaskóli hefur stuðst við samsettar aðferðir við sjálfsmat, en stefnir að því að nota stefnumiðað árangursmat (Balanced scorecard). Haustið 2007 var skipaður sjálfsmatshópur sem útbjó matsáætlun til þriggja ára. Skólinn styðst m.a. við eigið vefkannakerfi (survey console).

Skv. gögnum og viðtölum við skólastjóra, aðstoðarskólastjóra, deildarstjóra, fulltrúa kennara, annarra starfsmanna, foreldra og nemenda hefur skólinn stuðst við skólastefnu Garðabæjar, reglulegar kannanir og niðurstöður samræmdra prófa, umbóta og þróunarverkefni og niðurstöður úr starfsmannasamtölum. Þá sendir skólastjóri vikulegan póst til starfsmanna um hvað var gott þá vikuna og hvað má betur fara. Foreldrar sögðu matið hafa verið kynnt í foreldraráði og leitast við að fá skoðanir þeirra. Fundað sé reglulega með stjórnendum og starfsáætlanir yfirfarnar og tekið tillit til athugasemda foreldra. Sjálfsmatsskýrsla var send öllum foreldrum í tölvupósti auk þess að vera á heimasíðu skólans. Mælikvarðar á árangur koma víða fram í umbótaáætlun en mættu vera skýrari í sumum þáttum, m.a. viðhorfskönnunum en almennt voru þeir sem rætt var við mjög meðvitaðir um að þeir vildu sífellt gera betur.

### Heildarniðurstaða:

Sjálfsmat Hofstaðaskóla fullnægir viðmiðum ráðuneytis um stöðu, aðferðir og framkvæmd.